

12. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn fimmtudaginn 29. desember kl. 14:00. Fundurinn er fjárfundur haldinn á Teams vegna veðurs og ófærðar.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Delphine Briois Kjörvogi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi;

1. Breyting á hámarksálagningu útsvars sem verið hefur 14,52% skal hækka um 0,22% samkvæmt samkomulagi þriggja ráðuneyta og Samb.ísl.sveitarfélaga. Þar að tilkynnast fjármálaráðuneytinu fyrir 30.des.2022.
2. Úthlutun byggðakvóta til Árneshrepps fyrir fiskveiðiárið 2022 til 2023.
3. Ný og endurbætt samþykkt hreppsnefndar varðandi málefni Sorpsamlags Strandasýslu
4. Önnur mál.

1. Breyting á hámarksálagningu útsvars sem verið hefur 14,52% skal hækka um 0,22% samkvæmt samkomulagi þriggja ráðuneyta og Samb.ísl.sveitarfélaga. Þar að tilkynnast fjármálaráðuneytinu fyrir 30.des.2022. Því gerir hreppsnefnd svohljóðandi samþykkt;

Fyrir hönd sveitarfélaga hefur Samband íslenskra sveitarfélaga komist að samkomulagi við ríkissjóð um breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið felur í sér að hámarksútsvar sveitarfélaga, sem er nú 14,52%, skal hækkað um 0,22% samhliða lækkun á tekjuskatts um samsvarandi hlutfall í báðum skattþrepum. Gert er ráð fyrir að hækkun hámarksútsvars renni í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og þaðan til sveitarfélaga til fjármögnunar á málaflotti fatlaðs fólks. Af þessum sökum er lagt hér til að útsvarshlutfall Árneshrepps árið 2023 verði 14,74%.

**Sveitarstjórn Árneshrepps samþykkir samhljóða að álagningarprósenta útsvars á árinu 2023 verði 14,74% af tekjum.**

2. Úthlutun byggðakvóta til Árneshrepps fyrir fiskveiðiárið 2022 til 2023. Hreppsnefnd lýsir yfir ánægju með hækkun á byggðakvóta og oddviti mun senda beiðni varðandi sérstök skilyrði til Matvælaráðuneytis.

3. Ný og endurbætt samþykkt hreppsnefndar varðandi málefni Sorpsamlags Strandasýslu. **Ákvörðun sveitarstjórnar um að veita Sorpsamlagi Strandasýslu sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög, einfalda ábyrgð vegna lántöku þess hjá Lánasjóði sveitarfélaga og hún tryggð með tekjum sveitarfélagsins:**

Sveitarstjórn Árneshrepps samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Sorpsamlags Strandasýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 45.000.000,- kr. til 10 ára, í samfæmi við samþykta skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir á fundinum.

Er ábyrgð þessi veitt skv. heimild í 2.mgr. 69.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, enn innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignahluti í Sorpsamlagi Strandasýslu. Sveitarstjórnin veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr.

G.S.  
DB  
13.

2.mgr. 68.gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum.

Er lánið tekið til fjármögnunar á kaupum á sorpbíl og tækjum, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasljóð sviatarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Sorpsamlags Strandasýslu til að breyta ekki ákvæði samþykka Sorpsamlagsins sem leggur hömlur á eignahald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að sveitarfélagið selji eignarhlut í Sorpsamlagi Strandasýslu til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarfélagið sig til að sjá til þess að jafnframt yfir taki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnfram er Evu Sigurbjörnsdóttur kt.240450-2089, oddvita Árneshrepps veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Árneshrepps veitingu ofangreindrar abyrgðar með áritun á lánessamninginn.

4.Önnur mál.

Síminn hefur enn ekki séð til þess að þau fastlínunúmer sem beðið var um að yrði lokað, yrðu tekin úr sambandi. Oddvita er falið að ganga eftir því við Símann að ljúka málinu.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi lokið kl. 15:20.

*Eva Sigurbjörnsdóttir*  
*Delphine Briceis*  
*Þjarnheidur J. Fossdal*